

Mál nr. 300/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. september 2022 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 3. október 2022.
3. Bréf M, dags. 26. október 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 1. nóvember 2022.

Málsatvik.

M segir í málskoti að hinn 2. september 2022 hafi aðili á vegum X komið og þrifið bifreið M á steypu bifreiðaplani við íbúðarhús þeirra. M tóku eftir klístri og froðu á planinu eftir að bifreiðin hafði verið þriffin og það hafi ekki farið í næstu rigningu. M vísa síðan til þess að þau hafi þrifið planið með vatni, sápu og tjöruhreinsi án árangurs. Starfsmaður X hafi síðan komið og reynt að þrifa planið og M vísa til þess að hann hafi sagt að sýra væri í einhverju þeirra efna sem hann hafi notað við þrif á bifreið M.

M telja að X beri ábyrgð á skemmdum á bifreiðaplani sem bæði sé ljótt og skemmt eftir X. M telja að allar líkur séu á því að sýra skemmi þá tegund af steypu sem sé í bifreiðaplaninu og ekkert annað skýri skemmdirnar. M vísa til þess að fyrirsvarsmannur X hafi viðurkennt að hann hafi notað efni með sýru og vísa auk þess til þess að bifreiðaplanið hafi oft verið notað til þrifa á bifreiðum án afleiðinga. Þannig vísa þau því einnig á bug að skemmdir hafi komið eftir notkun tjöruhreinsis. M telja að bifreiðaplanið hafi verið eðlilega jafnt slitið en munur hafi verið verulegur á því eftir þrif X og þannig eigi V að bæta tjón þeirra.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að skemmdir á bifreiðaplani M sé að rekja til vinnubragða X. V hefur eftir forsvarsmanni X að níu dagar hafi liðið frá því að þrif á bifreið M fór fram þar til haft hafi verið samband við hann af hálfu M. Einnig vísar hann til þess að skemmdir hafi allt eins getað komið fram eftir að tjöruhreinsir hafi verið notaður til að þrifa planið af hálfu M sjálfra. V telur óljóst með hvaða hætti þær ljósu skellur í áferð steypis plans M komu til. Engin greining liggi fyrir, ekki sé útilokað að bensín, olía eða annar vökvi hafi orsakað þær eða notkun M sjálfra á tjöruhreinsi, sem innihaldi yfirleitt leysiefni. Einnig bendir V á að M hafi ekki upplýst X um að planið væri sérstaklega viðkvæmt, en almennt eigi slík að þola hreinsiefni sem almennt eru notuð við þrif á bifreiðum.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem M telja sig hafa orðið fyrir vegna ætlaðra skemmda í bifreiðaplani við húseign þeirra. Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu hefur sönnunarbyrði um það skv. almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar. Í þessu máli leið nokkur tími frá þrifum X þar til M höfðu samband við forsvarsmann X vegna útlits bifreiðaplansins. Einnig liggur fyrir að M hafi notað efni til að reyna að hreinsa planið í millitíðinni. Verður af gögnum málsins ekki talið nægilega sannað að efni sem voru notuð við þjónustu X hafi orsakað skemmdir á bifreiðaplani M. Ekki liggur fyrir hlutlaust mat á orsökum skemmda eða annað sem leiðir líkur að skaðabótaábyrgð X. Verða M að bera hallann af þeim sönnunarskorti og eiga því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir